



Akraneskaupstaður

Halldór Ólafsson

Steinsstaðafliot 8
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið: akralundur28@gmail.com*

Akranesi, 27. september 2022
2205011 HS

Grenndarkynning

Efni: Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 3A - Skógarlundur 4, breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 26. september 2022, var fjallað um umsókn um að breyta deiliskipulagi Skógarhverfis áf. 3A, vegna Skógarlundar 4. Breytingin felst í að hækka nýtingahlutfall lóðar úr 0,35 í 0,39 og heimilt verður að hluti byggingar verður á tveimur hæðum.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs:

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir Akralundi 28, 30 og Skógarlundi 1, 3 og 6.

2. mgr. 43 gr. Breytingar á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Með vísun í 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst **29. september til og með 29. október 2022.**

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Dalbraut 4, mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið skipulag@akranes.is

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofanskráð erindi skulu þær hafa borist skriflega í þjónustuver Akraneskaupstaðar eigi síðar en **29. október 2022**. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.



Akraneskaupstaður

Virðingarfyllst,



Undirritaður lóðarhafi Akralundar 28, gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á Skógarlundi 4.

Akranesi _____

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Fylgiskjöl:

1. Deiliskipulagsbreyting
2. Útlit af fyrirhugaðri byggingu